

Níundi fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 10. september 2026, klukkan 20:00.

Mætt eru: Bryndís H. Guðmundsdóttir, Eggert Kjartansson, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Þróstur Aðalbjarnarson og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Ingveldur Eyþórsdóttir, forstöðumaður Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, sat fundinn við afgreiðslu 2. og 3. liðar.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Bryndísi á sinn fyrsta sveitarstjórnarfund.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Kjörgengi sveitarstjórnarmanns

Lagt er fram bréf frá Guðbjörgu Gunnarsdóttur en Guðbjörg hefur flutt lögheimili sitt úr sveitarfélaginu og því misst kjörgengi sitt í sveitarstjórn.

Bryndís H. Guðmundsdóttir tekur því sæti Guðbjargar í sveitarstjórn.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps þakkar Guðbjörgu samstarfið í sveitarstjórn og óskar henni velfarnaðar.

2. Viðauki 1, Barnaverndarþjónusta Vesturlands

Viðauki um samning um barnaverndarþjónustu lagður fram, ásamt samningi um barnaverndarþjónustu Borgarbyggðar og Hvalfjarðarsveitar.

Ingveldur fór yfir lagalega hlið, samstarf og samning um barnaverndarmál og tilurð samningsins og viðaukans.

Til máls tóku: BHG og EK.

Sveitarstjórn samþykkir framlagðan viðauka samhljóða.

3. Skammtímadvöl á Vesturlandi

Framlagt er minnisblað frá SSV um skammtímadvöl á Vesturlandi, sem að fyrirhuguð er að verði opnuð í Holti í Borgarbyggð.

Ingveldur fór yfir minnisblaðið og tilurð þessa fyrirhugaða samstarfs, sem og þörf fyrir skammtímadvöl.

Til máls tóku: BHG, EK, VGS, ÞA, SO

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlögð gögn um skammtímadvöl í Holti.

4. Erindi frá Eggerti Kjartanssyni

Lagt er fram erindi frá Eggerti Kjartanssyni, dags. 28.8.2026.

Í erindi sínu fagnar hann því að sveitarfélagið sé með skólaakstur í Stykkishólm en leggur hann til að sveitarfélagið taki þátt í kostnaði foreldra við akstur barna sinna í skóla í Borgarnes og að Lýsuhóli, þar sem foreldrar hafi séð um aksturinn og kostnaðinn sjálfir.

Oddviti bendir á að við gerð þjónustusamnings við Sveitarfélagið Stykkishólm hafi orðið til heimaskóli sveitarfélagsins, þar sem meginreglan er sú að börn innan sveitarfélagsins sækja leik – og grunnskóla. Frávik skólagöngu frá heimaskóla sé að ósk foreldra þeirra barna, sem óska eftir að börn þeirra gangi í annan skóla en í heimaskóla. Engu að síður hafi fyrri sveitarstjórn komið til móts við óskir foreldra þeirra barna sem kusu heldur að börn þeirra færu í annan skóla en heimaskólann og fjármögnuðu skólavist þeirra barna. Það var ákvörðun sveitarstjórnar þess tíma að einungis skyldi rekinn skólaakstur í heimaskólann, enda var fjárhagur sveitarfélagsins afar þröngur á þeim tímapunkti.

Oddviti leggur til að farið verði í ítarlega kostnaðargreiningu vegna aksturs allra grunnskólabarna, óháð því í hvaða sveitarfélag þau sækja skóla, áður en hægt verður að taka afstöðu í málinu.

Til máls tóku: EK, ÞA, BHG og SO

Samþykkt er samhljóða að fara í ítarlega kostnaðargreiningu vegna aksturs allra grunnskólabarna, óháð því í hvaða sveitarfélag þau sækja grunnskóla og stefnt að því að kostnaðargreiningin verði lögð fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

5. Erindi frá Sveinbjörgu Zophoníasdóttur og Jóni Ásgrímssyni

Lagt er fram erindi frá Sveinbjörgu Zophoníasdóttur og Jóni Ásgrímssyni, dags. 28.8.2026.

Í erindi sínu óska þau eftir að reglur sveitarfélagsins varðandi akstursstyrki til foreldra verði endurskoðaðar, með tilliti til barna sem sækja leikskóla utan þjónustusamnings við Sveitarfélagið Stykkishólm. Að þeirra mati mismuna reglurnar eins og þær eru í dag fjölskyldum innan sveitarfélagsins. Einnig telja þau mikilvægt að horft verði til þess kostnaðar sem fjölskyldur hafa sjálfar þurft að bera vegna leikskólaaksturs undanfarin ár, þrátt fyrir að hafa ávallt staðið skil á sköttum og öðrum lögbundnum gjöldum til sveitarfélagsins. Þá óska þau jafnframt eftir því að þetta fyrirkomulag verði endurskoðað með tilliti til liðinna ára og að komist verði að niðurstöðu um afturvirka leiðréttingu og greiðslu til þeirra fjölskyldna sem hafa orðið fyrir þessum kostnaði frá því núgildandi reglur tóku gildi. Þá taka þau fram í erindinu að vissulega þyki þeim það sama eiga að gilda um akstur grunnskólabarna í sveitarfélaginu og þarfnist það endurskoðunar, svo allir sitji við sama borð.

Oddviti bendir á líkt og í 4. lið þessa fundar, að við gerð þjónustusamnings við Sveitarfélagið Stykkishólm hafi orðið til heimaskóli sveitarfélagsins, þar sem meginreglan er sú að börn innan sveitarfélagsins sækja leik – og grunnskóla. Frávik skólagöngu frá heimaskóla sé að ósk foreldra þeirra barna, sem óska eftir að börn þeirra gangi í annan skóla en í heimaskóla. Engu að síður hafi fyrri sveitarstjórn komið til móts við óskir foreldra þeirra barna sem kusu heldur að börn

þeirra færu í annan skóla en heimaskólann og fjármögnuðu grunn- og leikskólavist þeirra barna. Oddviti vill benda á að reglur um akstursstyrki séu í gildi sem ber að fara eftir en þeim sé vissulega hægt að breyta sé vilji til þess og þá taka aðrar og breyttar reglur gildi. Þá sé það ekki skylda sveitarfélags að veita aðgengi að leikskóla, þó sú þjónsta sé vissulega æskileg.

Þá vísar oddviti til afgreiðslu 4. liðar þessa fundar, þar sem ákveðið hafi verið að fara í ítarlega kostnaðargreiningu vegna aksturs allra grunnskólabarna, óháð því í hvaða sveitarfélag þau sækja skóla og leggur til að slíkt hið sama verði gert varðandi leikskólabörn, áður en hægt verður að taka afstöðu í málinu.

Veronika óskar eftir að eftirfarandi verði fært til bókar: “Ég vil benda á að barnafjölskyldum hefur verið verulega lyft innan stjórnsýslunnar á síðustu árum. Á síðasta kjörtímabili hafa verið teknar upp greiðslur vegna ungbarna, gjaldfrjálsar máltíðir í leik- og grunnskólum, leikskóli sé gjaldfrjáls og frístundastyrkur vegna íþróttar og tómstundaiðkunar til barna og ungmenna á aldrinum 3-18 ára.” VGS.

Til máls tóku: EK, VGS, ÞA, SO

Samþykkt er samhljóða að fara í ítarlega kostnaðargreiningu vegna aksturs allra, grunn- og leikskólabarna, óháð því í hvaða sveitarfélag þau sækja grunnskóla og stefnt að því að kostnaðargreiningin verði lögð fram á næsta fundi sveitarstjórnar.

6. Erindi frá Guðmundi Rúnari Svanssyni

Lagt er fram erindi frá Guðmundi Rúnari Svanssyni, dags. 4.9.2026.

Í erindi sínu vill Guðmundur leggja til að sveitarstjórn taki ástand bygginga og fohættu af þeim, söfnun lausafjármuna, innviða ferðamannasvæðis svo sem utanvegaakstur, merkingaleysi og vöntun á bílastæðum, ástand gróðurs, fornminja og jarðminja á Gerðubergi og ástand vegar að Gerðubergi og Ytri-Rauðamel.

Guðmundur bendir á að þetta sé fjöldi ólíkra vandamála sem með ólíkum og mismiklum hætti heyri undir sveitarfélagið en þurfi að hans mati að skoða sem eina heild með það í huga að svæðið sé eini fjölsótti ferðamannastaðurinn í sveitarfélaginu og að hans mati ákveðið anddyri að Snæfellsnesi í heild sinni. Þá leggur Guðmundur til að fulltrúar úr sveitarstjórn og Skipulags- og byggingarnefnd skipuleggi “umhverfisrúnt” til að sjá með eigin augum hvernig komið er.

Til máls tóku: BHG, EK, SO, ÞA

Samþykkt samhljóða er að oddviti eigi samtal við landeiganda um málið.

7. Skoðanakönnun um sameiningarmál

Lagðar eru fram niðurstöður skoðanakönnunar um sameiningarmál sem að lögð var fyrir íbúa frá 16 ára aldri, samhliða sveitarstjórnarkosningum fyrr á árinu.

Niðurstöður könnunarinnar voru eftirfarandi:

53 tóku þátt í könnuninni, 1 seðil var skilað auðum.

Ætti Eyja- og Miklaholtshreppur að hefja sameiningarviðræður?

Já – 42

Nei – 1

Hef ekki skoðun – 7

Ef farið verður í sameiningarviðræður hvaða sameiningarvalkostur er æskilegur að þínu mati?

Sameining við Borgarbyggð – 6

Sameining við Dalabyggð – 1

Sameining við Grundarfjörð – 1

Sameining við Snæfellsbæ – 7

Sameining við Sveitarfélagið Stykkishólm – 18

Annað:

Sameina allt Snæfellsnesið – 3

Sveitarfélagið Stykkishólmur og Grundarfjörður – 5

Allt nesið mínus Snæfellsbær – 1

Sveitarfélagið Stykkishólmur og Snæfellsbær – 1

Sérð þú Snæfellsnes allt fyrir þér sem eitt sveitarfélag í náinni framtíð?

Já – 37

Nei – 1

Til máls tóku: EK, BHG, ÞA, VSG, SO

8. Framkvæmdir á Breiðabliki

Oddviti fór yfir stöðu framkvæmda á Breiðabliki sem nú eru yfirstandandi.

Í úrkomu sem gerði eftir að þak var rofið kom vatnsleki inn í húsið sem búið er að koma í veg fyrir að mestu. Verktaki brást við tilkynningu um lekann.

Sveitarstjórn lýsir vonbrigðum með að ekki hafi verið gerðar ráðstafanir gagnvart veðurfari þegar þakið var rofið, svo ekki kæmi til leka. Nauðsynlegt að fylgjast með hugsanlegum skemmdum á húsinu vegna lekans og leita til óháðs aðila með úttekt á húsinu. Sveitarstjórn skorar á verktakann að setja frekari kraft í að loka þakinu.

Til máls tóku: ÞA, EK, BHG, SO

9. Fundargerð 203. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð lögð fram.

10. Fundargerð 1001. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplesin og send í rafræna undirritun.

Fundi slitið kl. 22:10.

Undirritunarsíða

Sigurbjörg Ellen Ottesen

Pröstur Aðalbjarnarson

Veronika G Sigurvinsdóttir

Eggert Kjartansson

Bryndís Hulda Guðmundsdóttir